

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014:

- 3.19 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1386 frá 25. júlí 2017 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.19.
- 3.20 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1418 frá 4. ágúst 2017 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.20.
- 4.22 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/1374 frá 25. júlí 2017 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.22.
- 4.23 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/1417 frá 4. ágúst 2017 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.23.
- 7.7 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1148 frá 28 júní 2017 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.7.

2. gr.

Sameiginlegur hergagnalisti Evrópusambandsins.

Á eftir 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar bætist við ný málsgrein, sem verður 3. mgr., og hljóðar svo:

Sameiginlegur hergagnalisti Evrópusambandsins, sem vísað er til í framangreindum gerðum, er birtur með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins (EES-viðbætur nr. 56, 10. október 2013, bls. 801-836), ásamt síðari breytingum, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013, 14. júní 2013, og nefnist þar „Skrá yfir varnartengdar vörur“. Tilskipunin er innleidd með reglugerð um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu nr. 361/2016, ásamt síðari breytingum.

3. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 11. september 2017.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Sturla Sigurjónsson.

Fylgiskjal 3.19.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/1386

frá 25. júlí 2017

um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

Ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt sem hér segir:

Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://data.europa.eu/eli/dec/2017/1386/oj>.

Fylgiskjal 3.20.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/1418

frá 4. ágúst 2017

um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

Ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt sem hér segir:

Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32017D1418>.

Fylgiskjal 4.22.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/1374

frá 25. júlí 2017

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.
(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/1374/oj.

Fylgiskjal 4.23.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/1417

frá 4. ágúst 2017

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/1417/oj.

Fylgiskjal 7.7.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/1148

frá 28. júní 2017

um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

Fyrsta undirgrein 1. mgr. 9. gr. ákvörðunar 2014/512/SSUÖ hljóði svo:

1. Þessi ákvörðun skal gilda til 31. janúar 2018. (Efnisútdráttur).